



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Hugi Ólafsson
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2018
SE/hó

Efni: Umsögn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Bændasamtök Íslands fagna drögum að aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum, enda eru þau mál eitt stærsta viðfangsefni okkar tíma um heim allan. Margt í áætluninni á eftir að útfæra betur og samtökin vænta þess að útfærslur sem snúa að bændum og öðrum landeigendum verði unnar í samráði við þá.

Samtökin taka sérstaklega undir eftirfarandi niðurstöðu í áætluninni.

"Samhliða átaki í aðgerðum á sviði landnotkunar þarf að bæta kolefnisbókhald og mat á losun og bindingu svo og árangri aðgerða. Ljóst er að staða mála á því sviði nú er óviðunandi. Bætt vísindalegt mat mun efla trúverðugleika aðgerða, bæta mat okkar almennt á stöðu gróðurauðlindarinnar og gera okkur kleift að telja aðgerðir fram gagnvart markmiði um kolefnishlutleysi. "

Þýðingarmikið er að samhliða aðgerðum verði áfram unnið að rannsóknum til að styrkja vísindalegan grunn að baki þeirra og til að ná betur utan um árangursmat. Sú vinna auðveldar almenna þátttöku í þeim aðgerðum sem ráðist verður í og bætir þar með árangur þeirra.

Aðgerðaáætlunin geymir 34 aðgerðir sem fylgja 6,8 milljarða fjármagn samtals á árunum 2019-2023. Um skiptingu fjárens segir:

"Gróf skipting fjárens liggur fyrir. Um 4 milljörðum varið til kolefnisbindingar á næstu fimm árum, um 1,5 milljarði til króna til uppbyggingar innviða fyrir rafbíla, rafvæðingu hafna og fleiri nauðsynlegra aðgerða í orkuskiptum hér á landi, um 500 milljónum króna til nýsköpunar vegna loftslagsmála í gegnum Loftslagssjóð og um 800 milljónum króna í margvíslegar aðgerðir, svo sem rannsóknir á súrnun sjávar og aðlögun að loftslagsbreytingum, bætt kolefnisbókhald, alþjóðlegt starf og fræðslu."

Meginverkefni eru talin tvö þ.e. að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og minnka losun frá landi með endurheimt votlendis og aukinni skógrækt og landgræðslu.

Landbúnaðinum er ætlað að minnka losun sína um 10% þ.e. um 60.000 tonn CO₂ ígilda. Þá er talið að telja megi fram 45.000 tonn til viðbótar á mótí losun í landbúnaði með breyttri landnotkun (með fyrirvara um ESB reglur) þ.e. skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Þannig teljist landbúnaðurinn hafa minnkað losun um 105 þúsund tonn 2030 m.v. 2005. Þá er stefnt að því að draga verulega úr losun frá landi en þar eru ekki sett töluleg markmið.

Tillögur sem snerta landbúnaðinn hvað mest

2. Hækkun kolefnisgjalds

Gjaldið fer upp í 11,40 pr. díselíttra 2020. Það hefur áhrif á dráttarvélanotkun í landbúnaði. Bent er á að enn er vart er um aðra raunhæfa aðra orkuvalkosti fyrir dráttarvélar, þó að það kunni að breytast. Þróunin er lengst komin varðandi metanknúnar vélar en enn eru t.d. ekki í boði dráttarvélar sem ganga fyrir raforku.

9. Innlend eldsneytisframleiðsla úr plöntum og úrgangi.

Gera á úttekt á möguleikum á frekari innlendri eldsneytisframleiðslu s.s. með aukinni repjurækt og vinnslu úr sláturúrgangi og öðru sambærilegu, jafnvel plastúrgangi. BÍ telja þetta þýðingarmikið verkefni með hliðsjón af aðgerð 2.

18. Efling skógræktar til kolefnisbindingar.

19. Efling landgræðslu til kolefnisbindingar

20. Hertar takmarkanir á framræslu votlendis og bætt eftirlit

21. Votlendi - átak í endurheimt.

22. Samstarf við sauðfjárþændur um kolefnisbindingu

Allar þessar aðgerðir snerta þændur og aðra landeigendur veruleg og gert er ráð fyrir að þarna verði tveir þriðju fjármagns áætlunarinnar til aðgerða nýttir. Fram kemur að sérstaklega eigi að skoða hvernig sauðfjárþændur og aðrir þændur geta komið að átaki í skógrækt – og öðrum loftslagsaðgerðum á sviði landnotkunar, s.s. landgræðslu og endurheimt votlendis í samræmi við ákvæði í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en eigi að nást árangur á þessum sviðum þarf að undirbúa útfærslu þeirra vel og í nánu samráði við þændur sama í hvaða búgrein þeir starfa. Það er grundvallarforsenda þess að árangur náist.

28. Urðunarskattur og bann við urðun lífræns úrgangs

Áætlað leggja 10 kr/kg skatt á urðun lífræns úrgangs sem yrði þá að greiða auk urðunarkostnaðar. Eftir einhvern tíma yrði urðun lífræns úrgangs bönnuð. Þýðingarmikið er að þessi aðgerð verði hugsuð í samhengi við aðgerðir 2 og 9.

30. Minni matarsóun

Ætlunin er að minnka matarsóun um helming til 2030. Hún er nú talin 100 kg pr. íbúa árlega. BÍ telja þetta þýðingarmikla aðgerð. Ekki er þó raunhæft að koma alfarið í veg fyrir slíka sóun en ýta mætti þá frekar undir að það sem fer til spillis verði nýtt með einhverju hætti sbr. aðgerðir 9. og 28.

32. Dregið úr notkun tilbúins áburðar

Stefnt að minnkun á notkun tilbúins áburðar.

33. Bætt meðferð búfjáráburðar.

Stefnt að því að bæta meðferð, nýtingu og geymslu búfjáráburðar til að draga úr losun frá honum. Er þá helst litið til metanframleiðslu. Það hentar mjög misvel eftir svæðum.

Þessar tvær aðgerðir snúa báðar beint að bændum. Þýðingarmikið er eins og varðandi 18.-22. að útfæra þær í samstarfi við bændur. Til dæmis mætti hugsa sér að efla ráðgjöf á þessu sviði og bjóða hana bændum að kostnaðarlausu, en hugsa þarf um áhrifin á innlenda matvælaframleiðslu í stærra samhengi.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Sigurður Eyþórsson